

## AUGLÝSING

### um deiliskipulag leikskólalóðar við Dalsmára í Kópavogi.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 hefur bæjarráð Kópavogs þann 27. júlí 2000 samþykkt tillögu að deiliskipulagi leikskólalóðar við Dalsmára. Í tillögunni felst m.a. afmörkun leikskólalóðar jafnframt því sem afmarkaður er byggingarreitur fyrir nýjan leikskóla, nýja aðkomu og fyrirkomulag bílastæða.

Uppdrættir hafa hloti þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um. Skipulagið öðlast þegar gildi.

*Kópavogi, 30. nóvember 2000.*

**Birgir H. Sigurðsson** skipulagsstjóri.

## REGLUGERÐ

### um breytingu á reglugerð nr. 588/1993 um merkingu, auglýsingu og kynningu matvæla með síðari breytingum.

1. gr.

Í 6. tölul. 2. mgr. 26. gr. skal standa „1,2%“ í stað „10%“.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í lögum nr. 93/1995 um matvæli. Einnig var höfð hliðsjón af ákvæðum samningsins um Evrópskt efnahagssvæði, sem vísað er til í II. viðauka XII. kafla 18. tölul., tilskipun 79/112/EBE um merkingu, kynningu og auglýsingu matvæla til sölu til neytenda, með síðari breytingum.

Reglugerðin öðlast þegar gildi við birtingu.

*Umhverfisstjórnuneytinu, 28. nóvember 2000.*

**Siv Friðleifsdóttir.**

*Ingimar Sigurðsson.*

## AUGLÝSING

### um breytingu á deiliskipulagi í Reykjavík.

*Eggertsgata 24 – deiliskipulag.*

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög hefur borgarráð Reykjavíkur þann 12. september 2000 samþykkt breytingu á deiliskipulagi fyrir Eggertsgötu 24.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Skipulagið öðlast þegar gildi.

*Kjalarvogur 12 og 14 – deiliskipulag.*

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög hefur borgarráð Reykjavíkur þann 29. ágúst 2000 samþykkt breytingu á deiliskipulagi Kjalarvogur 12 og 14.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Skipulagið öðlast þegar gildi.

*Tröllaborgir 18 – deiliskipulag.*

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög hefur borgarráð Reykjavíkur þann 29. ágúst 2000 samþykkt breytingu á deiliskipulagi fyrir Tröllaborgir 18.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Skipulagið öðlast þegar gildi.

*Reykjavík, 29. nóvember 2000.*

**Þorvaldur S. Þorvaldsson** skipulagsstjóri.

## REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð nr. 496, 7. júlí 2000,  
um veiðar í atvinnuskyni fiskveiðiárið 2000/2001.**

1. gr.

5. tl. 3. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

5. Innfjarðarækja samtals .....	2.050
þ.a. Arnarfjörður .....	500
þ.a. Ísafjarðardjúp .....	1.200
þ.a. Húnaflói .....	0
þ.a. Skagafjörður .....	0
þ.a. Skjálfandi .....	0
þ.a. Öxarfjörður .....	350

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt ákvæðum laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, öðlast þegar gildi.

*Sjávarútvegsráðuneytinu, 30. nóvember 2000.*

**Árni M. Mathiesen.**

\_\_\_\_\_  
*Jón B. Jónasson.*

## REGLUGERÐ

**um aðskilnað fjarskiptaneta og kapalkerfa  
fyrir sjónvarp sem eru í eigu sama lögaðila.**

1. gr.

Fjarskiptafyrirtæki er óheimilt að starfrækja í nafni eins lögaðila kapalkerfi fyrir sjónvarp og almennt fjarskiptanet þegar:

- lögaðilanum er stýrt af ríkinu eða nýtur sérstakra réttinda samkvæmt lögum og,
- lögaðilinn hefur markaðsráðandi stöðu á umtalsverðum hluta innri markaðar á Evrópska efnahagssvæðinu á sviði almennra fjarskiptaneta og almennrar talsímaþjónustu og,